



Reykjavík 15. mars 2020

Efni: Upplýsingar fyrir stofnanir ríkis og sveitarfélaga vegna samkomubanns

Gripið hefur verið til margvíslegra varúðarráðstafana til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar COVID-19. Eitt af því er samkomubann sem tekur gildi 16. mars 2020.

Meðfylgjandi er auglýsing um takmörkun á samkomum vegna farsóttar:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=23a0ee4c-6537-11ea-945f-005056bc4d74>

Takmörkun á samkomum tekur gildi 16. mars 2020 kl 00:01 og gildir til 12. apríl 2020 kl 23:59. Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar. Takmörkun á samkomum tekur til landsins alls.

Samkomubann

Með samkomubanni er átt við skipulagða viðburði þar sem fleiri en 100 manns koma saman.

Við öll mannamót ætti að gæta þess að viðstaddir geti viðhaldið tveggja metra fjarlægð.

Mikilvægt er að yfirfara vel almenn þrif og bæta úr eftir þörfum í fjölförnum rýmum. Þar sem neyðarstig er í landinu þarf að huga vel að reglubundnum sértækum þrifum í sameiginlegum rýmum starfsmanna t.d. í kaffistofum og borðum. Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar starfsmaður tekur við starfsstöðinni. Nauðsynlegt er að tryggja að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott.

Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.

Einnig er mælt með að öll ílát með gjafavöru, sælgæti og mat verði fjarlægð þar sem smit getur borist manna á milli með þeim.

Á vef embætti landlæknis er að finna ítarlegar upplýsingar <https://www.covid.is/>